

JÓL 2025

# FRÉTTABRÉF LANDSKJÖRSTJÓRNAR

## Sveitarstjórnarkosningar 2026

Undirbúningur fyrir sveitarstjórnarkosningarnar er hafinn.

Landskjörstjórn mun sinna ýmiskonar fræðslu í aðdraganda kosninganna og vera yfirkjörstjórnunum sveitarfélaga innan handar með hvaðeina sem upp kemur.

Helstu upplýsingar um kosningarnar hafa verið birtar á [kosning.is](#) en meira efni mun bætast við eftir því sem nær dregur kosningum.


## Heimsóknunum til yfirkjörstjórna er lokið

Landskjörstjórn hefur nú lokið fundarferð sinni um landið og heimsótt yfirkjörstjórnir allra sveitarfélaga. Fundirnir voru afar gagnlegir, lærdómsríkir og fræðandi. Við þökkum fyrir afskaplega góðar móttökur um allt land.



## Sveitarstjórnarkosningar fara fram 16. maí 2026

- **3. mars - Rafrænt meðmælakerfi opnar.** Yfirkjörstjórn sveitarfélagsins þarf að taka ákvörðun um hvort hægt verði að safna meðmælum rafrænt í sveitarfélaginu. Landskjörstjórn gefur út leiðbeiningar um notkun rafræna meðmælakerfisins og mun halda fræðslufund um kerfið.
- **8. apríl** - Viðmiðunardagur kjörskrár.
- **10. apríl kl. 12:00** - Framboðsfrestur rennur út.
- **13. apríl - eigi síðar en kl. 16:00** - Yfirkjörstjórn tilkynnir um gild framboð.
- **Eigi síðar en 16. apríl** - Yfirkjörstjórn auglýsir framboðslista.
- **17. apríl** - Utankjörfundaratkvæðagreiðsla hefst.



## Nýir atkvæðakassar

Í sveitarstjórnarkosningunum í vor verða nýir atkvæðakassar teknir í notkun. Þeir eru mun hentugri þar sem þeir eru handhægari, léttari og staflast vel svo auðveldara er að geyma þá á milli kosninga.

Nánara fyrirkomulag um notkun og dreifingu kassanna verður kynnt kjörstjórum og yfirkjörstjórnnum sveitarfélaga þegar nær dregur.



# Málþing landskjörstjórnar

## Eru rafrænar kosningar framtíðin?

Landskjörstjórn stóð fyrir málþingi um rafrænar kosningar þann 1. desember síðastliðinn.

Kristín Edwald formaður landskjörstjórnar opnaði málþingið en tveir erlendir gestir fjölluðu um málefnið, þeir Arne Koitmäe, framkvæmdastjóri eistnesku kosningastofnunarinnar og Dr. Jordi Barrat Esteve, prófessor í stjórnskipunarrétti.

Báðir þekkja þeir málefnið vel, rafrænar kosningar hafa farið fram í Eistlandi frá árinu 2005 og Arne fjallaði um framkvæmdina og álitafni sem upp hafa komið í Eistlandi sl. 20 ár.

Jordi fjallaði um stöðuna á internetkosningum í heiminum, en nýverið kom út samantekt eftir hann í samstarfi við International IDEA um rafrænar kosningar á heimsvísu. Þá fór hann yfir spurningar sem stjórnvöld og aðrir ættu að spyrja sig að áður en hafist er handa við undirbúning rafrænna kosninga, líkt og hvers vegna, hvaða vandamál er verið að leysa og hvaða áhættur felast í því að taka upp rafrænar kosningar.



Eftir hlé fóru fram pallborðsumræður undir styrkri stjórn Birnu Írisar Jónsdóttur, framkvæmdastjóra Stafræns Íslands. Þátttakendur voru Sigurður Másson sem hefur komið að rafrænum kosningum um árabíl, t.d. íbúakosningum og kosningum í stjórnir fyrirtækja, Bjarki Þór Sigvarðarson fagstjóri ástandsvitundar hjá CERT-IS og Eva Heiða Önnudóttir prófessor í stjórn málafræði sem hefur m.a. rannsakað kosningahegðun og framkvæmd kosninga um árabíl.

[Upptöku af málþinginu má nálgast hér.](#)





## **Gleðileg jól og farsælt komandi ár**

Starfsfólk landskjörstjórnar þakkar kærlega fyrir gott samstarf á árinu sem er að líða og hlakkar til samstarfsins á komandi ári.



**Landskjörstjórn**